



Reykjavík, 5. nóvember 2021
ÞON21110006

Til Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Erindisbréf um stofnun starfshóps vegna greiningu á skilum einkaskjalasafna.

Lagt er fram erindisbréf um stofnun starfshóps um greiningu á heildstæðum skilum á skjalasöfnum einstaklinga á Borgarskjalasafn Reykjavíkur. Verkefnið er á samþykkttri áætlun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um greiningu á einstaka þjónustupáttum Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með aðferðafræði kynjaðrar- fjárhagsáætlunargerðar.

Virðingafyllst,

Óskar Jörgen Sandholt,
Sviðsstjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

ERINDISBRÉF

Starfshópur um greiningu á heildstæðum skilum á skjalasöfnum einstaklinga á Borgarskjalasafn Reykjavíkur með aðferðafræði KFS

Ábyrgðarmaður: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Inngangur:

Skjöl sem berast Borgarskjalasafni Reykjavíkurtil varðveislu eru ekki einungis frá opinberum stofnunum. Safnið tekur einnig við einkaskjalasöfnum á hverju ári, sem þó eru misjöfn að umfangi, og eru þau skjöl ýmist komin frá einstaklingum, fyrirtækjum eða félögum. Samkvæmt tölfræði Borgarskjalasafns berast fleiri einkaskjalasöfn karla en kvenna á Borgarskjalasafn. Farið hefur verið í einstaka aðgerðir til að safna einkaskjalasöfnum kvenna til varðveislu t.a.m. átak sem farið var í árið 2015, í tilefni af 100 ára kosningarétti kvenna, í samstarfi við héraðsskjalasöfn og Landsbókasafnssins. Þá hefur Borgarskjalasafn notað ýmsar leiðir til að vekja athygli á kynjahallanum. Hætt er við því að kynjahalli skekki og jafnvel brengli söguna. Á þetta einnig við um aðra hópa svo sem LGBT samfélagið, listamenn, húsmæður, fatlaða einstaklinga, fanga og innflytjendur. Mikilvægt er að safnkostur skjalasafna endurspegli samfélagið sem best á hverjum tíma.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að greina skil á einkaskjalasöfnum til Borgarskjalasafns með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS9. Markmiðið með þeirri vinnu er að greina hvort núverandi framkvæmd þjónustu og/eða dreifing fjárheimilda leiði til jafnréttis. Ef staðan í dag leiðir ekki til jafnréttis verða lagðar til aðgerðir til leiðréttingar.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Greina skil á einkaskjalasöfnum út frá kynjum og jaðarsettum hópum í samfélaginu.
- Greina hvaða aðgerða hefur verið gripið til, til að kalla eftir einkaskjalasöfnum einstaklinga
- Leggja til aðgerðir til leiðréttingar jafnréttis.
- Annað sem hópurinn telur mikilvægt

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Svanhildur Bogadóttir, formaður, Borgarskjalasafn Reykjavíkur.
Gyða Guðrún Magnúsdóttir Hlíðberg, Borgarskjalasafn Reykjavíkur
Andrés Erlingsson, Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn sækir ráðgjöf innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á svo sem hjá öðru starfsfólki Borgarskjalasafns, héraðsskjalasöfnum, starfshópi þjónustu- og nýsköpunarsviðs um KFS, eða verkefnastýru KFS á mannréttindaskrifstofu.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok desember 2021. Formaður hópsins ber ábyrgð á því að kalla hópinn saman og skila niðurstöðum hópsins til ábyrgðamanns.

Reykjavík, 2. nóvember 2021.



Óskar Jörgen Sandholt